



Reykjavík, 23. janúar 2024

MSS24010158

Borgarráð

Slit Aflvaka hf.

Óskað er eftir því að borgarráð veiti stjórn Aflvaka hf. heimild til þess að leggja til við hluthafafund að félagiformi félagsins verði breytt í einkahlutafélag, leggja til breytingar á samþykktum félagsins og að leggja til að félaginu verði slitið.

Greinargerð

Aflvaki hf., kt. 440693-2109, var stofnað árið 1992. Hluthafar félagsins er Reykjavíkurborg (54,5%), Orkuveita Reykjavíkur (37,9%) og Faxaflóahafnir sf. (7,6%). Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að vinna að eflingu og framgangi atvinnulífs í höfuðborginni, þannig að borgin standist á hverjum tíma samkeppni um fólk og fyrirtæki, veiti fyrirtækjum og starfsfólki þeirra góða þjónustu og ræki höfuðborgarhlutverk sitt í þessu samhengi. Tilgangur þess að breyta félagiforminu í einkahlutafélag er sá unnt sé að framkvæma slit félagsins með svokölluðum einföldum slitum í stað þess skipa skilanevnd eða með gjaldprotaskiptum eins og ákvæði hlutafélagalaga kveða á um. Með einföldum slitum taka hluthafar á sig beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum einkahlutafélagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er yfirlýsingin um slit félagsins var gefin. Samkvæmt ársreikningum félagsins eru helstu eignir þess málverk og hlutafjáreign. Ársreikningar félagsins bera með sér að ekki hefur verið eiginleg starfsemi í félaginu. Ekkert starfsfólk eru skráð hjá félaginu. Verður því ekki séð að sérstök þörf sé á því að starfrækja félagið og er því gerð tillaga um að félaginu verði slitið. Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins fyrir árið 2022.

Ívar Örn Ívarsson

Stjórnarformaður Aflvaka hf.

Hjálagt:

Ársreikningur fyrir árið 2022.



Reykjavík